

Viðauki 1: Innleiðing vistvænna innkaupa – Framvindurammi

Eftirfarandi er svokallaður framvindurammi sem sýnir helstu skref við innleiðingu vistvænna innkaupa hjá stofnunum. Hann er settur fram til að skýra fyrir stofnunum hvað felst í því að innleiða vistvæn innkaup og hvernig það verði best gert. Í framvindurammanum eru skilgreindar aðgerðir á fimm lykilsviðum innan stofnunarinnar: Fólk, sýn, innkaupaferli, birgjar og eftirfylgni. Til að koma á vistvænum innkaupum er árangursríkast að vinna á öllum þessum sviðum samtímis. Stofnunin byrjar á því á byggja grunn og svo er unnið stig af stigi eftir því hvernig hentar best hverju sinni. Framvinduramminn byggir í aðalatriðum á aðferðafræði vistvænna innkaupa í Bretlandi.¹

Innleiðing vistvænna innkaupa		Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
		Byggja grunn	Sambætta	Iðka	Efla	Leiða
LYKILSVIÐ	FÓLK: Byggja upp færni, fræðsla og upplýsingar	Lykilfólk í innkaupum hefur fengið fræðslu um vistvæn innkaup. Vistvæn innkaup eru hluti af grunnþjálfun nýrra starfsmanna.	Allt innkaupafólk hefur fengið grunnþjálfun í vistvænum innkaupum. Lykilfólk í innkaupum hefur fengið framhaldsþjálfun í meginreglum vistvænna innkaupa.	Markviss sí- og endurmenntun á nýjungum í vistvænum innkaupum. Frammistöðumat taki tillit til þátta er viðkoma vistvænum innkaupum. Innleiðing á einföldu hvatakerfi.	Vistvænir þættir teknir inn í mat á tilboðum og hæfiskröfur bjóðenda. Vistvæn innkaup partur af nýliðafraeðslu starfsmanna.	Árangurstölur birtar og nýttar til að laða að fagfólk í innkaupum. Árangurstengd, innri sem ytri hvataverðlaun. Áhersla á árangur til sparnaðar. Vönduðum vinnubrögðum deilt með öðrum stofnunum.
	SÝN: Leiða með fordæmi, stefnumótun og samskipti	Samkomulag um skýr meginmarkmið í vistvænum innkaupum stofnunarinnar. Innkaupareglur m.a. um vistvæn innkaup stofnunarinnar samþykktar af æðsta yfirmanni. Markmið og innkaupareglur vel kynntar starfsmönnum og lykilibirgjum.	Innkaupareglur um vistvæn innkaup upp færðar og eflar, einkum varðandi samstarf við birgja. Gengið úr skugga um að reglur séu í samræmi við viðtækari stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Reglum miðlað til starfsfólks, birgja og helstu hagsmunaaðila.	Innkaupaáætlun gerð sem útvikkun á reglum um vistvæn innkaup þannig að hún taki á þáttum eins og áhættumati, innleiðingu ferla, markaðssetningu, birgjasamstarfi, mælingum og endurskoðunarferli. Innkaupaáætlun er fylgt eftir af yfirstjórn.	Endurskoðun og úrbætur á innkaupaáætlun vistvænna innkaupa sérstaklega með tilliti til tækninýjunga og nýsköpunarmöguleika. Tenging vistvænnar innkaupaáætlunar við umhverfisstjórnunarkerfi og almenna stefnu stofnunarinnar.	Innkaupaáætlun er endurskoðuð reglulega, og tengist beint við umhverfisstjórnunarkerfi stofnunarinnar. Stefna um vistvæn innkaup ríkisins, samþykkt af stjórnvöldum er vel kynnt. Nákvæm greining á framtíðarþörfum og ný áætlun unnin út frá þeim.
	INNKAUPAFERLI: Fjarlægja hindranir og bæta aðgengi, verkfæri og samþætting	Greining á innkaupum og helstu umhverfisáhrifum hefur verið gerð. Verklag í innkaupum stofnunar vel skilgreint. Lykilsamningar fela í sér umhverfisskilyrði. Samningar metnir eftir bestu kaupum en ekki eingöngu lágsta verði.	Nákvæm greining á innkaupum gerð, helstu umhverfisáhættur metnar og notaðar við forgangsörðun. Tillit tekið til umhverfisþátta snemma í innkaupaferli flestra samninga. Líftímakostnaður metinn og tillit tekið til hans við innkaup.	Allir samningar endurskoðaðir til að meta áhættu vegna umhverfisþátta og aðgerðir til mótvægis formaðar. Virk áhættustjórnun í öllu innkaupaferlinu. Skýr markmiðasetning með lykilibirgjum varðandi umhverfisþætti.	Nákvæmt áhættumat umhverfisþátta í stærstu lykilsamningum. Vistvæn sjónarmið til staðar í verkefna- og samningsstjórnun. Líftímakostnaður tekinn inn í kostnaðarmat.	Líftímakostnaður hefur verið greindur fyrir lykilveruflökka. Sameiginlegir mælikvarðar um vistvæn innkaup fyrir kaupendur og seljendur. Árangurstengd verðlaun eða vitar. Hindranir f. vistvænum innkaupum hafa verið yfirstignar. "Best practice" er deilt með öðrum stofnunum.
	BIRGJAR: Grípa tækifærin, virkjun birgja	Greining á lykilibirgjum út frá kostnaði og umhverfisáhrifum hefur verið gerð. Samráð við lykilibirgja við gerð innkaupareglna fyrir stofnunina.	Nákvæm greining á innkaupum við birgja. Unnið eftir áætlun um samstarf við birgja, þar sem yfirmaður er þátttakandi.	Skýr markmið í samstarfi við birgja til staðar sem eykur vægi umhverfisþátta. Gagnvirk, hvetjandi samskipti milli kaupenda og seljenda byggð á hagrænum hvötum. Virk aðfangastjórnun vegna lykilinnkaupa.	Lykilibirgjar valdir með tilliti til náins samstarfs. Mat á umhverfisþáttum og aðgerðir til bættar aðfangastjórnunar. Árangur er mældur og skráður. Yfirstjórn er þátttakandi í birgjasamstarfi.	Birgjavaliðurkennt sem grunnþáttur í vistvænni innkaupaáætlun. Áframhaldandi þátttaka yfirstjórnar í birgjasamstarfi. "Best practice" er deilt með öðrum stofnunum. Birgjar finna að þeir verða að vinna að stöðugum umbótum í umhverfisstarfi til að halda viðskiptum.
	EFTIRFYLGNI: Stöðugar umbætur, mælingar og endurgjöf	Þýðingarmestu umhverfisþættir í innkaupum hafa verið skilgreindir. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 1 hefur verið náð.	Nákvæm úttekt á umhverfisáhrifum innkaupa hefur verið gerð. Mælikvarðar skilgreindir til að stjórna helstu áhættu- og áhrifaþáttum.	Mælikvarðar vistvænna innkaupa þróaðir frá því að tengjast almennum mælikvörðum stofnunarinnar í að tengjast ákveðnum innkaupaáðilum og settum markmiðum. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 3 hefur verið náð.	Lykiltölur innleiddar með skorkorti (BSC) fyrir innri og ytri þætti. Samanburður milli stofnana. Áætlaður ávinningur af vistvænum innkaupum kunngerður. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 4 hefur verið náð.	Lykiltölur nýttar til að framfylgja vistvænni innkaupaáætlun. Árangur borinn saman við sambærilegar stofnanir. Sýnilegur ávinningur af vistvænum innkaupum. Skýrslur óháðs endurskoðanda þess efnis eru aðgengilegar öðrum stofnunum. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 5 hefur verið náð.

¹ HM Government. 2007. UK Government Sustainable Procurement Action Plan – Incorporation the Government response to the report of the Sustainable procurement Task Force.